

Auglýsing um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta af Pollengi og alla Tunguey í Biskupstungum, Árnessýslu og er svæðið friðland.

*Mörk friðlandsins eru þessi:*

Að vestan austurbakki Tungufljóts frá syðsta odda Sporðs norður að merkjum milli Ásakots og Galtalækjar; að norðan sömu merki í austurbakka Vatnsstæðis, þaðan sjónlína í vesturendann á merkjaskurði milli Lambhúskots og Bræðratungu; að austan sjónlína úr nefndum punkti suður í efstu vinkilbeygju á skurði sem liggur frá tünnum í Bræðratungu í áttina að Opnós, og úr þeim punkti sjónlína í neðstu vinkilbeygju á merkjaskurði milli Bræðratungu og Hvítárbakka, síðan merkjaskurður milli Bræðratungu og Hvítárbakka allt í suðurbakka Murneyrar. Tunguey, Krúeyri og Sporðeyri teljast til friðlandsins.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Gildir það einnig um tjarnarbakka, vatnsfarvegi og vatnsborð.

Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi [Umhverfisstofnunar]. Landeigendum er heimilt að halda við þeim skurðum sem þegar eru fyrir í friðlandinu.

Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.

Friðlandið má nytja á sama hátt og tíðkast hefur, það er til slægna, beitar og fiskveiði.

Umferð ökutækja, sem ekki tengist nytjum landeigenda, er óheimil. Gangandi mönnum er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt og varast að trufla búsmala og fuglalíf. [Umhverfisstofnun] setur nánari reglur um umferð ef þörf krefur.

[Umhverfisstofnun] getur falið einum eða fleiri mönnum umboð sitt til eftirlits með framkvæmd friðlýsingar að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfiráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisiráðuneyti, 22. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson

---

Ingimar Sigurðsson